

Jón Kristjánsson fiskifræðingur:

Fiskveiðistjórn í blindgötu

(Skrifað fyrir Sjómannadagsblað Grindavíkur, maí 1992)

Haustið 1975 sendi starfshópur á vegum Rannsóknarráðs ríkisins frá sér skýrslu um þróun sjávarútvegs. Í skýrslunni var dregin upp mjög dökk mynd af þróun helstu fiskstofna, einkum þorsstofnsins. Í skýrslunni var því spáð að ef ekki yrði tekin upp virk fiskveiðistjórnun til verndunar fiskstofnunar gæti heildarbotnfiskafli á Íslandsmiðum verið kominn niður í 300 þúsund tonn 1985 og að líkur væru á að hrygningarstofn þorsks myndi minnka jafnt og þétt niður í 70-90 þúsund tonn 1979 og þorskaflinn það ár yrði kominn niður í 200-220 þúsund tonn. Þá var lagt til að þorskaflinn 1976 yrði takmarkaður við 205 þúsund tonn svo hrygningarstofninn kæmist í 410 þúsund tonn 1980. Í skýrslunni stóð þetta um ýsu:

„Ýsuaflinn á Íslandsmiðum hefur að undanfögnu verið um 40-50 þús. tonn en talið er, að afrakstursgeta stofnsins miðað við rétta nýtingu, sé um 80 þúsund tonn. Þess ber þó að geta að ýsustofninn virðist háður allmiklum náttúrusveiflum þannig, að mjög veikir árgangar virðast rýra stofninn á vissum skeiðum, en síðan réttir hann við, þegar sterkir árgangar alast upp. Mismunur í styrkleika árganga er því öllu meiri og sveiflukenndari en t.d. í þorsstofninum. Ýsan telst eins og þorskurinn til ofveiddra fiskstofna og ber því brýna nauðsyn til að draga úr sókn í ýsustofninn og gefa smáýsunn kost á að vaxa upp, áður en hún er veidd, öðru vísi kemst stofninn ekki í það horf, að um hámarksafrakstur verði að ræða.“

Spáin frá 1975 um hrun þorsstofnsins gekk ekki eftir. Stjórnvöld tóku ekki mark á hrakspánum og veitt ver langt umfram tillögur. Aflinn varð 348 þúsund tonn 1976 og óx í 469 þúsund tonn 1981. Hrygningarstofninn varð 730 þúsund tonn, nær helmingi stærri en boðað hafði verið, þrátt fyrir að veitt hafi verið langt umfram tillögur allt tímabilið.

Það var þegar við höfðum náð yfirráðum yfir fiskveiðilögsögunni og rekið útlendinga af miðunum að hægt var að hefjast handa við að hámarka afrakstur fiskimiðanna.

Sú stefna sem Hafrannsóknastofnun markaði var að byggja skyldi upp þorsstofninn með því að draga úr sókn, stækka hann, svo hann gæfi af sér meiri afla og öruggari nýliðun. Möskvi var stækkaður úr 120 mm í 155mm og beitt var skyndilokunum til þess að friða smáfisk svo hann næði að vaxa og stækka stofninn.

Friðunaraðgerðirnar snöggrógu úr afla á smáfiski eins og til var ætlast. En jafnframt fór að draga úr vexti þorsksins og náði stærð eftir aldri lágmarki 1983. Þannig minnkaði meðalþyngd 6 ára þorska úr 4.01 kg frá meðaltali árin 1977-79 í 2.96 kg 1983, og meðalþyngd 7 ára þorska fór úr 5.86 kg niður í 4.01 kg, fiskurinn léttist um rúm 30%. Það ár snarminnkaði stofninn og afli var svo lélegur að flotinn náði ekki einu sinni að að veiða upp í veiðiheimumildir. Í framhaldi af þessu voru kvótalögin sett, tímabundið þar til ástandið myndi breytast til batnaðar.

Vert er að skoða nánar árangurinn af þessarri róttæku breytingar sem varð á sóknarmynstri, breytingar sem hefur verið við lýði síðan.

Segja má að við breytinguna hafi sókninni í þorskin verið frestað um eitt ár, árgöngum í veiði hafði verið fækkað. Von manna og trú var auðvitað sú að þessi friðun á smáfiski myndi skila sér í meiri afla á stærri fiski seinna. Varð það raunin?

Ef gögn um landaðan þorskafla tímabilið 1970 - 1990 eru skoðuð kemur í ljós að friðunaraðgerðirnar urðu til þess að mjög fór að draga úr afla á ungborski eftir 1976. Tveggja ára fiskur hvarf alveg úr veiðinni, afli þriggja ára fiska varð um fjórðungur þess sem hann var áður en friðunaraðgerðirnar hófust og afli á fjögurra ára þorski minnkaði einnig verulega. Eftir 1984 fór afli 3 ára fiska að vaxa aftur, væntanlega vegna aukins fjölda þeirra, en einnig kom í ljós að minna veiddist af eldri fiski í nýja sóknarmynstrinu en því gamla. Aukin friðun á smáfiski skilaði sér ekki sem aukning í stórum fiski síðar, þvert á móti. Stofninn sýnir nú einkenni þess sem gerist þegar "veitt er ofan af" og fæðuskortur veldur hægari vexti með aukningu á náttúrulegri dánartölu.

Svipað hefur gerst í ýsustofninum, þar eru einkenni rangrar veiði enn meira áberandi vegna þess að ýsan er ekki eins fjölhæfur fiskur við fæðuöflun og þorskurinn.

Í nóvember 1990 var svo komið að ýsan í Faxaflóa var aðeins um 900 g að þyngd 5 ára gömul í nóvember í stað um 2 kg sem er venjulegt fyrir ýsu með eðlilegan vöxt. Þarna var á ferðinni stóri

árgangurinn frá 1985. Ári síðar, var ýsan litlu þyngri, en hafði elst um rúmt ár.

Þessi ýsa er það smá að engin leyfileg veiðarfæri ná til hennar nema línan, en oft hefur verið lokað á línuveiðar vegna of mikils smáfisks í afla. Þó brá svo við nú í vor var hætt við að loka á línubátana og sú skýring gefin að hér væri á ferðinni „dvergýsa“.

Aðspurður hafði ýsusérfræðingur Hafró ekki tiltækar skýringar á þessum hæga vexti en benti á að samhengi væri milli sjávarhita og vaxtar, einnig væru menn að velta því fyrir sér hvort ýsan hefði orðið kynþroska og ekki náð sér á strik eftir það. Áður hafði sami sérfræðingur, í tilefni þess að óvenju mikið var um hæg vaxta ýsu við suðurströndina, sagt í tímaritsgrein:

„ Þessi umvending í meðallengdum hefur m.a. orðið mönnum tilefni til athyglisverðra hugleiðinga um það hvort hin smávaxna ýsa, sem nú er á Íslandsmiðum, sé ekki komin frá Grænlandi“ (Sjómannablaðið Víkingur, 2.-3. tbl. '91).

En að hægur vöxtur og að fiskur verði kynþroska smár gæti stafað af fæðuskorti sem aftur stafaði af mergð smáfiskjar, því hefur verið vísað á bug af Hafrannsókn.


Þessi aukna friðun hefur ekki leitt af sér meiri afla og ekki er líkleg til þess að svo verði í framtíðinni.

Mynd 1. sýnir ýsuaflla frá 1961 og stærð veiðistofnsins frá 1969. Aflinn 1961-65 var um og yfir 100 þús tonn en þá var ýsustofninn ofveiddur að sögn. Eftir það er aflinn á bilinu 40-70 þús. tonn og stofninn bæði ofveiddur og vanveiddur. En á þessu tímabili, 1969-90, meðan aflinn er alltaf á svipuðu róli, er veiðistofninn að sveiflast þrefalt, frá 100-300 þús. tonn! Ef aflinn er ekki í meiri tengslum við stærð veiðistofnsins því er þá alltaf verið að reyna að byggja hann upp með friðun?

Í desember sl. fór Hafró í Vestmannaeyjum í leiðangur til þess að kanna ýsu við suðurströndina. Notað var troll með 155 mm möskva (!) og helstu niðurstöður voru þær að nær ekkert fékkst nema smáýsa. Í stað þess að gleðjast yfir hve mikið væri á slóðinni af upp vaxandi smáfiski, voru rannsóknamenn felmtri slegnir yfir því hve mikið væri verið að drepa af kóði. Vitað er að ýsan er dugleg að forðast troll og smjúga möskva og sýna þessar athuganir því ekki annað en það hversu gríðarleg mergð er af þessum fiski. Rannsóknir hafa einnig sýnt að ýsuárgangarnir 1989 og 1990 eru báðir feikna stórir, nærri jafn stórir hvor um sig og 1985 árgangurinn sem sýndi óvenju lélegan vöxt.

Ekki er að sjá að menn læri af reynslunni. Búið er að setja landhelgi við suðurströndina til þess að koma í veg fyrir veiðar á smáýsu, og þó Hafrannsókn hafi gert tilraun sem sýndi að 2/3 af ýsunni drápu eftir að hafa farið í gegn um möskva, er enn verið að nota 155 mm möskva sem er of stór fyrir ýsu (Guðni Þorsteinsson, Ægir, 3 tbl. 1983.) og til þess að bíta höfuðið af skömminni er verið að gera tilraunir með legglugga til þess að enn meira af ýsu þurfi að fara í gegn um möskva og e.t.v. drepa á eftir.

Það verður fróðlegt að fylgjast með framvindu stóru ýsuárganganna sem nú eru á leiðinni og hverju þeir koma til með að skila í þjóðarbúið. Þegar örlög þeirra verða orðin þau sömu og 1985 árgangsins og enn einni dýrri tilraun lokið, verður örugglega smáfiskadrápi kennt um. Það er orðið mál að linni og menn geti aftur farið að stunda fiskveiðar óttalaust.



Mynd 1. Afli og stofnsstærð ýsu 1961-1990. Gögnin eru tekin úr skýrlum Hafrannsóknastofnunar um ástand fiskstofna. Upplýsingar um stærð veiðistofns ná aftur til 1969. Aflinn virðist ekki í neinu samræmi við stærð veiðistofnsins. Athyglisvert er að þessi ofveiddi fiskstofn skilaði um 100 þús. tonna afla í 5 ár frá 1961.